

Reglur STEFs um flokkun tónverka

1. grein

Stjórn STEFs skal skipa tvo sérfróða menn, einn tilnefndan af Tónskáldafélagi Íslands og einn af Félagi tónskálda og textahöfunda, til þess að flokka innlend tónverk og útsetningar, í samræmi við flokkunarreglur og stígatöflu STEFs sem samþykktar voru á fulltrúaráði samtakanna 13. janúar 1990.

2. grein

Tónskáld geta farið fram á það að flokkun á einstökum tónverkum sé tekin tilendurskoðunar af flokkunarmönnum. Að endurskoðun lokinni getur hlutaðeigandi tónskáld kært flokkun á einstökum verkum til sérstakrar úrskurðarnefndar og skal kærán vera skrifleg og rökstudd. Stjórn STEFs skipar úrskurðarnefnd og eiga sæti í henni tveir sérfróðir menn, einn tilnefndur af TÍ og einn af FTT, auk sérfróðs oddamanns sem stjórnin skal skipa án tilnefndingar. Náist ekki samkomulag um oddamann innan stjórnarinnar í samræmi við samþykktir STEFs skal hann skipaður af menntamálaráðuneytinu. Aður en úrskurðarnefnd fellir úrskurð sinn skal hún gefa flokkunarmönnum og hlutaðeigandi tónskáldi kost á að tjá sig og skýra viðhorf sín. Úrskurði nefndarinnar skal rökstyðja í stuttu máli og eru þeir endanlegir.

3. grein

Flokkunarmenn og þeir menn, setm sitja í úrskurðarnefnd, skulu vera sérfróðir um tónlist. Þeir mega hins vegar ekki hafa verulegra hagsmuna að gæta sjálfir við úthlutun höfundaréttartekna frá STEFi. Oddamðuar í úrskurðarnefnd má heldur ekki vera félagi í TÍ eða FTT.

4. grein

Verði flokkun á tónverki breytt samkvæmt 2. grein þannig að vægi þess aukist skal hlutaðeigandi tónskáldi greitt í samræmi við hina breyttu flokkun í allt að eitt ár aftur í tímann frá því að hann óskaði upphaflega endurskoðunar á flokkun verksins. Minnki vægi tónverks vegna breyttrar flokkunar tekur hin breytta flokkun gildi innan árs frá því endanlegur úrskurður var felldur.

Reglur þessar eru frá 1990, með breytingum samþykktum af stjórn STEFs þann 23. september 2020.